


Umhverfisstofnun
Áb. <i>TB</i>
01 APR. 2004
53.10
Tilv. UST20040300089

Alþingi - Landbúnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Iceland

• +354 591 2000
Fax +354 591 2010
umr.verfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

31. mars 2004

Tilvisun: UST20040300089/tb

Efni: Frumvarp til laga um yrkisrétt, 613. mál, umsögn

Vísað er í bréf frá landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 11. mars sl., þar sem að óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um yrkisrétt, 613. mál.

Framangreint frumvarp fjallar fyrst og fremst um vernd plöntuafbrigða, yrkisrétt, þ.e. um einkaleyfi og hugverkarétt á afbrigðum plantna. Þessi þáttur í umfjöllun um íslenska náttúru er ekki á sviði Umhverfisstofnunar nema ef hann á einhvern hátt getur stangast á við m.a. almannarétt svk. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur, með vísan m.a. í almannarétt, að andi þeirra laga sem hún starfar eftir sé almennt á þann veg að aðgengi þjóðarinnar að auðlindum íslenskrar náttúru eigi að vera fyrir alla. Umhverfistofnun telur mjög til bóta þar sem segir í 6. gr. frumvarpsins: *Beiting yrkisréttar má ekki brjóta í bága við ákvæði sem sett hafa verið á grundvelli almannuheilla, síðferðis eða almannaoryggis, til verndar heilsu og lífí manna, dýra og plantna, vegna umhverfisverndar, verndar hugverkaréttar í iðnaði eða viðskiptum, eða til að tryggja samkeppni í verslun eða landbúnaðarframleiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar skerða ekki rétt bænda sem kveðið er á um í 18. gr. a.*

Umhverfisstofnun telur, m.a. í ljósi þess sem segir í 6. gr. frumvarpsins, að þegar um er að ræða náttúrulega stofna plöntutegunda eða afbrigða af þeim væri eðlilegra að veita einkaleyfi fyrir ræktunaraðferð, sem ræktandinn hefur haft fyrir að þróa til þess að viðhalda ákveðnum einkennum náttúrulegra tegunda, en að veita yrkisrétt fyrir náttúrulegum plöntustofni eða afbrigði af honum. Ef um er að ræða kynbættar/erfðabreyttar tegundir gildir öðru mál. Umhverfisstofnun telur ástæðu til skoða lögum um yrkisrétt í víðara samhengi og ihuga í því sambandi hvaða áhrif það getur haft fyrir aðgengi þjóðarinnar að náttúrulegum auðlindum landsins ef svipuð lög giltu almennt um lífverur t.d. náttúrulega stofna dýrategunda svo sem fugla og fiska. Til dæmis má skoða hvaða áhrif það getur haft ef einkaleyfi, yrkisréttur, væri í gildi fyrir mismunandi náttúrulega laxastofna í íslenskum ám eða mismunandi þorskstofna í sjó.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

Árni Bragason